

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 98-10
150 Reykjavík

Norðurland vestra, 24. maí 2024

Efni: Drög að landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu, mál nr. S-98/2024

Í samráðsgátt stjórnvalda eru til umsagnar drög að landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu. Landshlutasamtökin á Norðurlandi vestra, SSVN fagna landsáætluninni og telur að hún marki mikilvægt skref í átt að útrýmingu þessa skaðvalds hér á landi. Með fullnægjandi framkvæmd áætlunarinnar má ætla að verulegar líkur séu á að sauðfjárriðu verði útrýmt á Íslandi.

SSNV tekur undir bókun byggðarráðs Skagafjarðar hvað varðar aðra arfgerðarflokka sem rannsóknir sýna að geti talist verndandi og sitja ættu við sama borð og ARR vegna niðurgreiðslu við sýnatöku eða sauðfjársæðingar. Að skýra þurfi stjórnarsýsluna betur varðandi flutning á MAR til Mast og að tryggja að bætur til bænda í þeim tilfellum sem förgunar eða hreinsunar er þörf. Þess utan þarf að horfa til þess að eðlilegur stuðningur sé veittur til uppbyggingar nýrrar hjarðar.

SSNV tekur einnig undir úr sömu bókun byggðarráðs Skagafjarðar að tryggja þurfi nauðsynlegt viðhald á varnarhólfum og fjárheimildir til þeirra verka séu tryggðar. Því miður er viðhaldi núverandi varnarhólfa ekki sinnt sem skyldi.

SSNV tekur einnig undir bókun byggðarráðs Húnaþings vestra sem vill koma á framfæri athugasemd við þau áform þar sem sauðfjárveikivarnarlínur þjóna mikilvægu hlutverki við takmörkun á útbreiðslu garnaveiki sem getur valdið miklum búsifjum og því brýnt að línunum verði viðhaldið. Þar vísar ráðið jafnframt í umsögn Félags sauðfjárnænda í Vestur-Húnavatnssýslu og sem SSVN tekur undir.

Að lokum tekur SSVN jafnframt undir umsögn Bændasamtaka Íslands, þar sem bent er á að skýra þurfi stjórnarsýsluna betur í kringum fyrirhugaða flutninga frá MAR til Mast og að tryggja þurfi eðlilegar bætur til handa bændum í þeim tilfellum þar sem hreinsunar og förgunar er þörf sem og að eðlilegur stuðningur verði við uppbyggingartímabil nýrrar hjarðar.

Virðingarfyllt,

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Katrín M. Guðjónsdóttir,

Framkvæmdastjóri